

Áfangalýsing – íslenska



Menntaskóli Borgarfjarðar

Námsgrein:

Íslenska 404 – ÍSL 404

Fjöldi eininga:

4

Undanfari:

Íslenska 304 – ÍSL 304

Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er lögð áhersla á tengsl máls, bókmennta og þjóðfélags frá siðaskiptum fram yfir aldamótin 1900. Aðaláherslan er á bókmenntir 19. aldar. Vakin athygli á því hvernig málfar íslenskra bókmennta og bókmenntirnar sjálfar spegla þjóðfélagsaðstæður og menningarlíf, tíðaranda, strauma og stefnur á tímum siðaskipta, lærdómsaldar, upplýsingar, rómantíkur og raunsæis.

Kennslugögn:

- ✦ *Ormurinn langi. Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900 - 1900.* 2005. Ritstjórar: Bragi Halldórsson, Knútur S. Hafsteinsson og Ólafur Oddsson. Bjartur, Reykjavík.
- ✦ Halldór Kiljan Laxness. 2007. *Íslandsklukkan.* Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- ✦ Kristinn Kristjánsson. 1996. *Íslenskar bókmenntir 1550-1900.* Iðnú, Reykjavík.
- ✦ Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2010. *Handbók um ritun og frágang.* Mál og menning, Reykjavík.
- ✦ Kjörbók að eigin vali.

Námsmat:

- ✦ Verkefni um strauma og stefnur í bókmenntum tímabilsins: 35%
- ✦ Verkefni úr Íslandsklukkunni: 20%
- ✦ Smásaga og ljóðaverkefni: 10%
- ✦ Kaflapróf úr helstu þáttum námsefnisins: 35%

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- △ bókmenntum og bókmenntasögu tímabilsins frá 1550 - 1900
- △ orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- △ öllum helstu bókmenntahugtökum og mismunandi tegundum bókmennta
- △ tímabilum í íslenskum bókmenntum, s.s. lærdómsöld, upplýsing, rómantík og raunsæi
- △ samspili bókmennta og þjóðfélagsbreytinga
- △ algengum bragreglum og helstu bragarháttum
- △ ritgerðarsmið og heimildarvinnu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- △ skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli
- △ ganga frá texta og að nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- △ skilja og nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- △ nýta sköpunargáfu og sýna sjálfstæði við úrvinnslu verkefna
- △ flytja af öryggi vel uppbyggða kynningu á krefjandi efni
- △ lesa sér til gagns og gamans bókmenntatexta tímabilsins

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- △ skrifa skýran og vel uppbyggðan texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- △ beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður
- △ tjá rökstudda afstöðu og taka virkan þátt í málefnalegri umræðu
- △ draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta og geta miðlað því á skýran hátt til samnemenda sinna
- △ átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná duldum boðskap og hugmyndum
- △ sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- △ sýna víðsýni og sköpunarhæfni í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum